

112 hreppi verði lögð til Arnarnesshrepps með nánara tilteknum skilyrðum, svo og 21. nóv. meðmæli sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu með því, að þetta verði leyft, er hjermeð, samkvæmt sveitarstjórnarlögum 10. nóvember 1905, 3. gr., skipað svo fyrir sem hjer segir:

Jörðin Dunhagakot í Skriðuhreppi í Eyjafjarðarsýslu skal frá fardögum þ. á. lögð til Arnarnesshrepps í sömu sýslu, gegn því að Skriðuhreppi sjeu greiddar eitt skifti fyrir öll 300 kr. af Arnarnesshreppi og 200 kr. af eiganda og ábúanda jarðarinnar Litla-Dunhaga, og verða merkin milli Skriðuhrepps og Arnarnesshrepps hjereftir landamerki Dunhagakots að vestan.

Þetta er yður hjermeð tjáð til leiðbeiningar, frekari aðgerða og birtingar.

113

4. des.

Brjef stjórnarráðsins til bæjarfógetans í Reykjavík um toll af fiski, sem fluttur er út eftir umskipun, en án þess að hann hafi verið fluttur á land.

Með brjefi dags. 21. f. m. hafið þjer, herra bæjarfógeti, skýrt frá því, að islensk botnvörpuskip, sem um undanfarin ár sjálf hafa flutt afla sinn í ís til Englands nokkurn hluta ársins, og þá ekkert útflutningsgjald eða verðhækkunartollur verið greiddur af aflanum, hafi nú, vegna ófriðarhættu, hætt þessum ferðum og, sum hver, sent nokkuð af fiski þeim, er þau hafa aflað, til Englands með enskum botnvörpungum, og spyrjist þjer fyrir um það, hvort eigi megi sleppa að heimta toll af fiski þeim, er þannig er fluttur út, þar sem svo sjerstaklega stendur á, og fiskurinn alls ekki hefir verið fluttur á land, heldur umskipað hjer eða annarstaðar í hin ensku veiðiskip.

Útaf þessu skal yður hjermeð tjáð, yður til leiðbeiningar, að þar sem fiskur sá, er hjer ræðir um, er veiddur utan landhelgi, sbr. lög nr. 8, 6. apríl 1898, lög nr. 18, 8. júlí 1902, lög nr. 27, 25. sept. s. á. og lög nr. 56, 30. júlí 1909, og honum aldrei í land skipað, verður enginn tollur heimtur af honum, sbr. ráðherrabrjef 28. júní 1882 (Stj.tíð. 1882, B. bls. 119—120) og landshöfðingjabrjef 18. maí 1899 (Stj.tíð. 1899 B. bls. 74).